



Fundur háskólaráðs 30. apríl 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 26.04.2002 09:52:47

Dags: 30.04.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)

v/Suðurgötu

101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Fax: 552 1331

9/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, þriðjudaginn 30. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Guðmundur G. Haraldsson, Stefán Ólafsson, Baldvin Þór Bergsson, Jón Ma. Ásgeirsson, María Guðmundsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Peter Holbrook.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram umsögn Háskólans um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands, 649. mál, ásamt tillögu Sigurðar Brynjólfssonar, prófessors, til menntamálaráðherra „Samstarf Háskóla Íslands og Tækniskóla Íslands”, dags. ágúst 1999.
- 1.2 Lagt fram minnisblað frá Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi, varðandi veitingu sameiginlegrar háskólagráðu með öðrum háskóla.
- 1.3 Lagt fram yfirlit yfir fjárreiður og rekstur 2001.
- 1.4 Lögð fram sameiginleg yfirlýsing Samtaka Evrópskra Háskóla og Samtaka stúdentafélaga í Evrópu.
- 1.5 Lagður fram samningur milli Velferðarsjóðs íslenskra barna og Háskóla Íslands um mentorverkefnið VINÁTTU.
- 1.6 Lagt fram bréf frá rektor til Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, þar sem Háskólinn lýsir sig fúsan til viðræðna um hugsanlega staðsetningu nýs fyrirtækis á sviði lyfjapróunar í Vísindagörðum.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 17. apríl 2002, þar sem óskað er eftir tilnefningu í stjórn Örnefnastofnunar Íslands.
 - Samþykkt einróma að tilnefna Jón Friðjónsson prófessor og Margréti Jónsdóttur dósent til áframhaldandi setu í stjórn Örnefnastofnunar Íslands.
- 2.2 Erindi raunvísindadeildar um að ráðið staðfesti að heimilað verði að tekið verði upp nám til M. Paed. prófs í fræðigreinum deildarinnar.
 - Óskað hefur verið umsagna heimspekideildar og félagsvísindadeildar.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Drög að heildaráætlun fyrir Háskóla Íslands.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum drögum að heildaráætlun fyrir Háskóla Íslands 2002-2005. Áætlunin var unnin í umsjá hóps deildarforseta og verður því starfi haldið áfram. Málið var rætt ítarlega og verður áfram á dagskrá ráðsins.
- 3.2 Drög að endurskoðaðri stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra.

Rektor skýrði framlögð drög að endurskoðaðri stefnu Háskóla Íslands í málefnum

fatlaðra og drög að reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands ásamt greinargerð. Málið var rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma að óska eftir því að háskólafundur veiti umsögn um stefnuþrógin.

3.3 Drög að reglum um Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

Inn á fundinn komu Margrét Oddsdóttir dósent og Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri, sem eiga sæti í Erfðafræðinefnd Háskólans og greindu frá starfsemi hennar, ættfræðigrunni og vísindalegu gildi hans. Málið var rætt.

- Afgreiðslu reglnanna frestað þar sem umsagnir hafa ekki borist, sbr. samþykkt ráðsins 15. apríl 2002.

3.4 Tillaga stjórnsvísunviðs og stjórnar sjóða Háskólans um framtíðarskipun (áður á dagskrá 7. mars 2002, sbr. minnisblað, 15. apríl 2002).

- Frestað.

3.5 Tillaga að breytingu á lögum um háskóla nr. 136/1997. Lögð fram 26. febrúar 2002.

Rektor kynnti tillöguna og var hún rædd ítarlega og rektor falið að kynna hana fyrir stjórnvöldum.

3.6 Viðbótarsamningur H.Í. og LSH, ásamt fylgiskjölum og tillögum að reglum sem nauðsynlegt er að setja í tengslum við samninginn.

Rektor kynnti framlögð gögn og greindi frá stöðu samningaferlisins. Málið var rætt ítarlega, einkum tengsl H.Í. og LSH og veiting H.Í. á akademískum nafnbótum til háskólamenntaðra starfsmanna á háskólasjúkrahúsinu.

4. Önnur mál

4.1 Möguleg málshöfðun Háskóla Íslands á hendur kjaranefnd.

Rektor gerði grein fyrir því að útlit væri fyrir að Háskólinn yrði að stefna kjaranefnd vegna úrskurðar nefndarinnar um laun prófessora við kennslu og stjórnun í MBA-námi Háskólans.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16.35